

Telur milljónir geta sparast á útboði raforku

A-hluti borgarinnar keypti raforku fyrir 665 milljónir í fyrra. Viðskiptin eru ekki útboðsskyld og því ekki boðin út. Oddviti Sjálfstæðisflokksins telur borgina ekki hvetja til samkeppni á orkumarkaði.

REYKJAVÍK Heildarraforkuinnkaup A-hluta Reykjavíkurborgar námu rúmum 665 milljónum króna á síðasta ári. Innkaupin eru ekki útboðsskyld þar sem um viðskipti við fyrirtæki í eigu borgarinnar er að ræða. Oddviti Sjálfstæðisflokksins telur engu að síður að efna eigi til útboðs enda sparist þannig tugir milljóna.

Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn fjármálastjóra Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Björns Gíslasonar, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í innkauparáði, á fundi innkauparáðs 29. nóvember. Fréttablaðið sendi í kjölfarið borginni fyrirspurn um á hvaða taxta A-hluti borgarinnar keypti orku. Þar kemur fram að borgin greiði Landsneti á bilinu 1,75-18,6 krónur fyrir hverja kílóvattstund vegna orkuflutnings. Þá nema greiðslur vegna dreifingar 4,24-4,69 krónum á kílóvattstund og greiðslur fyrir orku eru á bilinu 5,67-6,09 krónur.

Í bókun Björns á fyrrgreindum fundi segir að það sé með öllu óásætlanlegt að orkukaup borgarinnar séu ekki boðin út. Öllum megi vera ljóst að borgin sé að þverbjótta innkaupareglur sínar en í þeim kemur fram að skylt sé að viðhafa innkaupafærlí sé fyrirþjáanlegt að fjárhæð vörukaupa verði hærri en sjö milljónir. Í bókun fulltrúa meirihlutans er bent á að innkaup milli opinberra aðila um raforku falli ekki undir lög um opinber innkaup. Í svari borgarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins segir síðan að innkaupareglur borgarinnar verði að túlka með hlíðsjón af lögum um opinber innkaup og því stofnist ekki skylda til að bjóða orkukaupin út.

„Þó að það sé ekki skylt að bjóða þetta út þá er ekkert sem bannar slíkt. Mér sýnist borgin geta sparað á

Við teljum einsýnt að borgin eigi að afla tilboða og lækka kostnað sinn.

Eypór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn



bilinu níu til tíu prósent með því að kaupa orkuna á lægsta verði,” segir Eypór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksmanna í borgarstjórn.

„Hagsmunir borgarinnar eru að kaupa orkuna á sem hagstæðustu verði. Það skiptir miklu máli að borgin sé skynsöm í innkaupum en við höfum undanfarið séð dæmi um að svo sé ekki,” segir Eypór.

Borgin kaupir orku af Orku náttúrunnar sem er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur (OR). OR er að langstærstum hluta í eigu borgarinnar eða að 94 prósentum. Aðspurður um það hvort það samræmist ekki hag borgarinnar sem best að kaupa orku af sínu eigin félagi segir Eypór að svo sé ekki.

„Það sem vegur þyngst í þessu er að það sé virk samkeppni. Með því að kaupa án útboðs af OR þá er verið að stuðla að fátæppi og gera fyrirtækinu kleift að hafa verðskrána hærri en það þyrfti. Það er einn hópur sem tapar í þessu öllu saman og það er almenningur. Hann ætti að njóta lægsta verðsins hvort sem það er í gegnum borgina eða beint til sín,” segir Eypór. „Það hefur verið talað um að bjóða meira út og það er ekkert sem bannar það. Við teljum einsýnt að borgin eigi að afla tilboða og lækka kostnað sinn.” – jõe



Ketkrókur gætti þess vandlega að engir aðrir kæmst í hangilæri sem hann hafði meðferðis í Arbæjarsafni og gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ Fleiri myndir frá jólahátíð Arbæjarsafns er að finna á +Plússiú Fréttablaðsins. **FRÉTTABLAÐIÐ +Plús** er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Legsteinasafn svipt leyfinu

SKIPULAGSMÁL „Þó að það verði örugglega reynt að gera stórmál úr þessu þá er þetta ekkert nýjabrum,” segir Gunnlaugur A. Júlíusson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, um þá niðurstöðu að deiliskipulag vegna legsteinasafns í Húsafelli sé ógilt og að byggingarleyfið hafi verið ógilt eftir kærnu frá nágrenna.

Að sögn Gunnlaugs verður einfaldlega gefið út nýtt byggingarleyfi með undanþágu fyrir legsteinasafn listamannsins Páls Guðmundssonar. – gar / sjá síðu 4



Fréttablaðið í dag

SKODUN Hægt er að búa við allsnægtir en vera á sama tíma bláfátækur, segir Svava Guðrún Helgadóttir. 9

SPORT Gunnar Nelson sneri aftur með látum í UFC um helgina. 18



TÍMAMÓT Mannréttindayfirlýsing SP er sjöttu ára í dag. 14

LÍFIÐ Einar Stefánsson er spennur fyrir að fá fleiri Íslendinga í Red Bull tónlistarakademiuna. 22

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmálakönnun Gallup apríl-júní 2015

SKAGEN
DENMARK

MICHELSEN
URSMEDIER

Laugavegi 15 og Kringlunni - michelsen.is

nettó

Heill kalkúnn franskur

1.198 KR/KG

FRÁBÆRT VERÐ!

Tales from Iceland

2018 TRAVELLERS' CHOICE
tripadvisor

BESTA SAFN ÍSLANDS
SKV. TRIPADVISOR.COM

AUSTURBÆR

Veður



Vaxandi suðaustanátt, 15-25 m/s síðdegis. Snjókoma eða slýdda NV-til. Frost 1 til 15 stig, kaldast í innsveitum fyrir norðan, en hlýnar er liður á daginn. **SJÁ SÍÐU 16**



Öbí berst gegn skerðingum af ýmsu tagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skerðing vegna búsetu leiðrétt

ALMANNATRYGGINGAR „Í þessu minnisblaði tekur velferðarráðuneytið algjörlega undir með umboðsmanni Alþingis og telur að Tryggingastofnun hafi ekki reiknað þessar skerðingar samkvæmt lögum. Ráðuneytið ætlar að beina þeim til mælum til Tryggingastofnunar að endurreikna þetta allt saman,“ segir Halldóra Mogensen, formaður velferðarnefndar Alþingis.

Nefndin ræddi í síðustu viku mál einstaklinga sem hafa fengið skertar lífeyrisgreiðslur vegna fyrri búsetu erlendis. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd tók málið upp í september og óskaði eftir viðbrögðum velferðarráðuneytisins. Málið var í framhaldinu sent til velferðarnefndar.

I álitum umboðsmanns Alþingis frá í sumar kemur fram að Tryggingastofnun hafi reiknað búsetuhlutfall með röngum hætti. Í fyrri fengu um þrjú þúsund manns skertar lífeyrisgreiðslur vegna fyrri búsetu erlendis.

Í minnisblaði ráðuneytisins segir að stjórnvöld muni taka mið af þeim sjónarmiðum umboðsmanns.

Haldóra segir að til standi að endurgreiða þeim sem hlotið hafi skerðingar sem ekki standist lög.

„Við erum búin að fá vilyrði frá ráðuneytinu um að það verði gengið eins fljótt og mögulegt er í þetta mál. Þar af leiðandi teljum við ekki ástæðu til að funda frekar um þetta sérstaklega en við munum fylgjast vel með að þetta verði framkvæmt. Ef ekkert hefur gerst í þessu á nýju ári munum við kalla ráðuneytið til okkar.“ – sar

Á höttunum eftir höfuðfati



Þessi erlenda ferðakona gekk um Skólavörðustíginn í Reykjavík gær með sjálfustöng í hendi og kannaði gaumgæfilega það sem fyrir augu bar. Hún stakk sér inn í eina verslunina og gaumgæfði úrval hatta sem þar eru á boðstólum og smeltti af þeim mynd eða tveimur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Spáð hvelli í dag og á morgun

VEÐUR Gert er ráð fyrir að upp úr hádegi í dag hvesi allverulega. „Það er lægð suður af Grænland sem sendir skil yfir landið og það hvesir nokkuð ört upp úr hádegi um landið sunnan- og vestanvert,“ segir Daniel Þorláksson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Daniel segir veðrið væntanlega ná hámarki á suðvestanverðu landinu um kvöldmatarleytið. Vindstyrkurinn nái jafnvel upp í 25 metra á sekúndu undir Eyjafjöllum, við Hafnarfjall og hugsanlega á Kjalarnesi. Enn hvassara verði sums staðar á hálendinu. Þessu fylgi slýdda á láglandi til að byrja og snjókoma til fjalla en síðan hlýni og úrkoman breytist í rigningu á láglandi.

„Á morgun er von á öðrum hvelli. Daniel segir óljósara hvernig hann verði en búast megi við að verulega hlýni þá norðanlands.“ – gar

Íbúar á Hrafnistu eru of veikir fyrir sundlaug

Óskað er samstarfs við Hafnarfjarðarbæ um rekstur á sundlauginni á Hrafnistu í Hraunvangi. Forstjórinn segir íbúa hjúkrunarheimilisins verða æ veikari og fáa geta nýtt laugin. Fjármagn skorti frá ríkinu sem geri ekki ráð fyrir sundlaugum.

VELFERÐARMÁL Sjómannaðagsráð og Hrafnista vilja að Hafnarfjarðarbær komi að rekstri sundlaugar við hjúkrunarheimilið í Hraunvangi.

„Hugmynd okkar er sú hvort bærinn hafi áhuga á samstarfi um reksturinn því sundlaugin er ekki að nýttast íbúum hjúkrunarheimilisins að neinu ráði,“ segir Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu.

Í árslok 2016 hafi velferðarráðuneytið gefið út kröfufýsingu um það sem eigi að vera á hjúkrunarheimilum og þar sé ekki gert ráð fyrir sundlaugum. Því sé ekkert fjármagn ætlað til þeirra sérstaklega.

„Á síðustu árum þurfa íbúar á hjúkrunarheimilum alltaf meiri og meiri þjónustu því þeir eru alltaf veikari og veikari þegar þeir koma inn. Þarf af leiðandi hefur fækkað hratt íbúum sem geta nýtt sér sundlaugin,“ útskýrir Pétur.

Laugin á Hrafnistu í Hraunvangi er sextán metrar að lengd og var tekin í notkun á niunda áratug síðustu aldar að því er kemur fram í bréfi Hrafnistu til bæjarins. Við hana eru einnig heitir pottar. Reksturinn er sagður kosta 10 milljónum króna á ári.

Pétur sér fyrir sér að laugin geti nýst fyrir aldraða sem búa í nágrenni Hrafnistu, sem reyndar nota lauginu nú þegar, eins og gestir í dagdvöl á hjúkrunarheimilinu. Einnig fyrir sérhópa.

„Þessi sundlaug er heitari en aðrar laugar og hentar til demis fyrir vatnsleikfimi eldri borgara. Við vorum að reka sundlaug við hjúkrunarheimilið í Boðabingi fyrir Kópavogsbæ sem þeir tóku yfir um síðustu áramót. Þar er skólasund og



Sundlaugin á Hrafnistu í Hraunvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ef svo fer sem horfir að ríkið haldi áfram að skera niður framlög til hjúkrunarheimila þá munum við hætta rekstri laugarinnar á einhverjum tímapunkti.

Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu



ýmslegt fleira,“ segir Pétur.

Í erindinu til Hafnarfjarðarbæjar er óskað eftir viðræðum við bæjaryfirvöld um hugsanlega aðkomu bæjarins að rekstrinum „svo sundlaugin geti áfram þjónað sínum tilgangi sem er að bæta lífsgæði aldræðra.“ Pétur segir samstarfið geta orðið spennandi. Hrafnista sé opin fyrir ýmsum möguleikum í notkun laugarinnar.

„Það er erfitt fyrir hjúkrunarheimilið að halda úti þessum rekstri þegar sá fjöldi íbúa á hjúkrunarheimilinu sem notar laugin er teljandi á fingrum annarrar handar,“ undirstrikar forstjórinn. Eitthvað þurfi því að koma til, „Ef svo fer sem horfir að ríkið haldi áfram að skera niður framlög til hjúkrunarheimila þá munum við hætta rekstri laugarinnar á einhverjum tímapunkti.“ gar@frettabladid.is

GEFÐU FRÍ UM JÓLIN
með gjafabréfi Icelandair



ICELANDAIR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Pegar vetur kallar á þig. Hilux Invincible



Verð frá: 6.110.000 kr.

Invincible 33" breytingapakki að verðmæti 780.000 kr. fylgir

Hilux er ódrepanði harðjaxl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum. Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

Vildarpunktur Icelandair með öllum nýjum Toyotum



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð. Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Stefnir í hart vegna auglýsingar Icelandic Wildlife Fund í Leifsstöð

LAXELDI Icelandic Wildlife Fund hefur sent Isavia kröfu um að auglýsingaskilti um vilta atlantshafslaxinn verði sett upp í Leifsstöð að nýju. Annars leiti samtökin réttar síns.

Skiltið var tekið niður eftir að hafa hangið örfáa daga í komulax Leifsstöðvar síðastliððu haust. Isavia sagði auglýsinguna brot á siðareglum Sambands íslenskra auglýsingastofa og reglum Isavia um að auglýsingar varði ekki deilumál tveggja hópna.

um að upplýsingar séu ekki rangar og þær vegi hvorki að fólki né fyrirtækjum.

Samtökin leituðu til síðanefndar SIA sem sagði skiltið hvorki hafa verið að fólki né fyrirtækjum en að ekki yrði fulltrúi hvort staðhæfingar á skiltinu væru vísindalega sannaðar.

Í kjölfarið var skiltinu breytt lítillega og svo óskað eftir uppsetningu að nýju. Isavia sýnaði því. Hafa samtökin því leitað lögfærðastöðar.

„Við erum búin að gera þær breytingar sem Isavia óskaði eftir þegar skiltið var tekið niður og fórum ekki fram á annað en að það verði sett upp,“ segir Jón Kaldal, talsmaður IWF.

Í bréfi frá lögfærðing IWF er þess krafist að skiltið verði sett upp í síðasta lagi í dag. Annars sjái samtökin sig tilneydd til að leita réttar síns eftir öðrum leiðum og áskilji sér einnig rétt til að krefja Isavia um bætur. – að



Skiltið hékk í nokkra daga uppi í Leifsstöð áður en starfsmenn Isavia tóku það niður. Textanum hefur nú verið breytt lítillega en skiltið fæst ekki sett upp.



Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Yfirfullt og ekki öruggt á spítala

HEILBRIGÐISMÁL „Við aðstæður sem þessar er augljóst að öryggi sjúklinga er ekki tryggt,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, í pistli á vefsíðu sjúkráðgjafans.

„A hefðbundnum bráðasjúkrahúsum er gert ráð fyrir að nýting sjúkraryma sé um 85 prósent enda mikilvægt að borð sé fyrir báru í viðkvæmum rekstri. Við höfum undanfarið misseri oftast verið í ríflega 100 prósent nýtingu á bráðalegudeildum okkar og nú í vikunni keyrði um þverbak þegar rúmanýtingin náði 117 prósent!“ skrifar forstjórinn um ástandið í síðustu viku. Landlækni og velferðarráðuneyti hafi verið gert viðvart. –gar

Konur ofnota frekar svefnlyf

HEILBRIGÐISMÁL „Ofnotkun svefnlyfja er mikið vandamál á Íslandi, segir á heimasíðu Landlæknisembættisins. „Bæði eru of margir einstaklingar að nota svefnlyf, þau eru notuð of lengi og oft í of stórum skömmtum.“

Á síðustu tólf mánuðum fengu 34 þúsund einstaklingar ávisuð svefnlyf hérlandis. Hér noti hlutfallslega fleiri svefnlyf en víða annars staðar. „Samkvæmt lyfjagagnagrunni landlæknis virðast konur eiga frekar við vanda að stríða vegna svefnlyfja en 64 konur og 35 karlar fengu ávisuð sem samsvarar fjórðöldum skammti eða meira hvern dag á líonu ári hér á landi,“ segir landlæknir. –gar

Ógilda leyfi legsteinasafnsins í Húsafelli og skipulag sagt ógilt

Byggingarleyfi fyrir legsteinasafn listamannsins Páls Guðmundssonar í Húsafelli hefur verið fellt úr gildi að kröfu náganna. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála segir Borgarbyggð ekki hafa staðið rétt að birtingu deiliskipulags sem sé því ógilt. Ekki fréttæmt segir sveitarstjórinn. Gefa eigi út nýtt byggingarleyfi.

SKIPULAGSMÁL Byggingarleyfi vegna legsteinasafns Páls Guðmundssonar á Húsafelli hefur verið ógilt. Deiliskipulagið er sömuleiðis ógilt.

Fréttablaðið sagði í október 2016 frá legsteinasafninu. Húsið utan um safnið var þá í byggingu. Páll er eigandi Bæjargils og lóðarinnar Húsafells 2. Eigandi Húsafells 1 hafði í ágúst það ár kært bæði nýtt deiliskipulag frá því í janúar 2016 og byggingarleyfi sem gefið var út mánuði síðar. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafnaði því í september 2016 að ógilda byggingarleyfið og vísað frá kröfu varðandi deiliskipulagið. Vegna álits frá umboðsmanni Alþingis frá í október 2017 tók nefndin hins vegar málið upp aftur í mars 2018.

Eigandi Húsafells 1 rekur gistiheimilið Gamla bæ, rétt norðan við loðir Páls. Hvorki hafi „verið skilyrði til að samþykkja umrædd byggingarform né útgáfu hinna kærðu byggingarleyfa“, segir meðal annars í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar um málsrök kærðans.

Borgarbyggð krafðist þess að kærinni yrði vísað frá eða því hafnað að ógilda skipulagið og byggingarleyfið. „Ekki verði séð að landnotkun á hinu deiliskipulagið svæði muni með nokkrum hætti hafa áhrif á hagsmuni kæranda en hún verði sú sama og verið hafi,“ segir um meðal annars um rök Borgarbyggðar. „Eina útsýnið sem tapist sé upp í fjallshliðina fyrir ofan húsin sem varla hafi verulega þýðingu við mat á verðmæti hússins að Húsafelli.“

Úrskurðarnefndin ógilti byggingarleyfið fyrir legsteinasafninu en vísaði frá kröfum um ógildinguna



Páll Guðmundsson á byggingarreit legsteinasafns hausti 2016 með hús nágannana í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ef þetta er orðið fréttæfni þá er víða fréttæfni varðandi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Gunnlaugur Á. Júlíusson sveitarstjóri

byggingarleyfis fyrir áðurnefnt pakkhús. Þá sagði nefndin sjálf deiliskipulagið frá 2016 aldrei hafa tekið gildi og því væri ekki hægt að ógilda það.

„Þótt leiða megi líkur að því með hlöðsjón af málsatvikum að kæranda, sem kunnugur er staðhátum,

hafi mátt vera ljóst í hvað stefndi þá verður, að teknu tilliti til þeirra réttaröryggissjónarmiða sem áður hafa verið reifuð, ekki hjá því komist að álykta sem svo að hið kærða deiliskipulag hafi ekki tekið gildi með lögformlega réttir birtingu,“ segir nefndin. „A hið kærða byggingarleyfi sér því hvorki stöð í gildu deiliskipulagi né fór málsmeðferð þess að undantekningarákvæðum skipulagslaga um grenndarkynningu. Verður byggingarleyfið þegar af þeim sökum fellt úr gildi.“

Gunnlaugur Á. Júlíusson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, segir úrskurðinn ekki hafa önnur áhrif en þau að

vinna verði nýtt byggingarleyfi sem stenst kröfur, fara í grenndarkynningu og gefa leyfið út aftur. „Það er hægt að gefa út byggingarleyfi þótt það sé ekki deiliskipulag, það er bara undanþágukvæði,“ útskýrir sveitarstjórinn og upplýsir að hann telji úrskurðinn ekki fréttæfni.

„Þetta er ekkert í fyrsta skipti sem byggingarleyfi er fellt úr gildi,“ segir Gunnlaugur. „Þó að það verði örugglega reynt að gera stórmál úr þessu þá er þetta ekkert nýjabrum. Þannig að ef þetta er orðið fréttæfni þá er víða fréttæfni varðandi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.“ gar@frettabladid.is

FIAT ATVINNUBÍLAR



FIAT DUCATO
Verð frá 3.943.548 án vsk.
4.890.000 m/vsk.

FIAT TALENTO L2H1
Verð frá 3.298.387 án vsk.
4.090.000 m/vsk.

FIAT DOBLO
Verð frá 2.225.806 án vsk.
2.760.000 m/vsk.

FIAT FIORINO
Verð frá 1.854.032 án vsk.
2.299.000 m/vsk.

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSÁBILI FIAT • ÞVERHOLTÍ 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.FIATPROFESSIONAL.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

5 ÁRA
ÁBYRGÐ

Jól SAMSUNG

Gerioð
góð kaup!



65"

70.000 KR
AFSLÁTTUR

QLED TV
2018

QE65Q7F

SAMSUNG
QLED TV

Jólaverð

kr. 349.900,-

(áður 419.900,-)
Einnig til í 55" og 75"



SAMSUNG
RS50
Hvítur
kæliskápur

Jólaverð

kr. 159.900,-

(áður 189.900,-)

SAMSUNG
R1
Multi Room
hátalari

Jólaverð

kr. 17.900,-

(áður 24.900,-)



SAMSUNG

SAMS23K3523AK/EE

ÖRBYLGJUOFN

Svartur/hvítur 23L 800W



kr. 19.900,-



SAMSUNG
WW70 Þvottavél
7 KG. 1400 SN.
Eco Bubble

kr. 64.900,-

ecobubble

SAMSUNG
DV70 Þurrkari
7 KG. barkalaus þurrkari.
Varmadaela í stað elements.

kr. 89.900,-



SAMSUNG
NU6025



UHD

UHD 4K - PQI 1300 - Smart TV

Jólaverð 43" 89.900,-

Jólaverð 50" 99.900,-

Jólaverð 55" 109.900,-

Jólaverð 65" 169.900,-

SAMSUNG
NU7445



UHD

UHD 4K - PQI 1800 - Smart TV

Jólaverð 43" 119.900,-

Jólaverð 50" 139.900,-

Jólaverð 55" 149.900,-

Jólaverð 65" 225.000,-

SAMSUNG
NU8045



UHD Premium

Premium UHD 4K - Smart TV - PQI 2600
HDR 1000 - 10 bita skjár

Jólaverð 49" 169.900,-

Jólaverð 55" 189.900,-

Jólaverð 65" 269.900,-

Jólaverð 75" 369.900,-

SAMSUNG

SETRIÐ

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

ORMSSON



Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



ormsson

Piketty vill sjá breytta Evrópu

EVROPA Rúmlega fimmtíu manna hópur evrópskra hagfræðinga, sagnfræðinga og fyrirverandi stjórnmálamanna undir forystu Thomas Piketty hefur lagt fram stefnuyfirlýsingu um sanngjarnari Evrópu. Markmið hópsins er að bregðast við ósamstöðu, ójöfnuði og hægri popúlisma í álfunni.

Í yfirlýsinguinni segir að í kjölfar Brexit og þess að víða í álfunni hafi verið kosin stjórnvöld sem séu andsnúin Evrópusamvinnu sé ljóst að ekki verði haldið áfram á sömu braut. Nauðsynlegt sé að gera rötækur breytingar í álfunni.

Lagt er til að sett verði á fót nýtt fullvalda evrópskt þing. Fjarveitingar til þess yrðu fjármagnaðar með hærri sköttum á fyrirtæki, sérstökum hátekju- og stóreignasköttum og auknum gjöldum á losun gróðurhúsalofttegunda.

Teljum af þessu yrðu um 800 milljarðar evra sem nota ætti til að efla nýsköpun og rannsóknir, berjast gegn loftslagsbreytingum, setja á fót flóttamannasjóð en um helmingi fjármagnsins yrði endurúthlutað til aðildarríkjanna. – sar

Meirihlutinn fallinn í Belgíu

BELGÍA Ríkisstjórn Belgíu féll um helgina eftir að stærsti flokkur landsins, Bandalag Flæmingja, sagði skilið við ríkisstjórnina. Astæðan fyrir brotthvarfi flokksins er sú að ríkisstjórnin stefndi að því að undirrita flóttamannasamkomulag Sameinuðu þjóðanna.



Charles Michel

Forsætisráðherrann Charles Michel tilkynnti endalok samstarfsins á laugardag en í gær skipaði hann fimm nýja ráðherra í stað þeirra sem sögðu skilið við stjórnina. Brotthvarf Flæmingjanna má einnig rekja til fjölmennra mótmæla sem staðið hafa yfir í landinu síðastliðnar tvær vikur en fyrirmynd þeirra er mótmælin í grannríkinu Frakklandi.

Þrátt fyrir endalok stjórnarinnar mun Michel halda til Marrakesh í Marokkó til að undirrita samkomulagið en til þess hefur hann hlotið nægan stuðning frá meirihluta þingsins. Að því loknu mun hann þurfa að finna nýjan flokk í stjórnarsamstarfi eða að fá flokka úr minnihlutunum til að verja hana falli með hlutleysi sínu. – jóe



Mikið eignatjón hefur orðið í mótmælum Gulu vestanna undanfarnar helgar. Bilar hafa verið brenndir og rúður í verslunum brotnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Macron forseti ávarpar þjóðina og boðar tafarlaugar aðgerðir

Gulu vestin mótmæltu Emmanuel Macron Frakklandsforseta og ríkisstjórn hans fjórðu helgina í röð. Hann mun ávarpa frönsku þjóðina í kvöld og boða einingu og áþreifanlegar og tafarlaugar aðgerðir. Raðamenn í Frakklandi biðja Donald Trump Bandaríkjaforseta um að skipta sér ekki af frönskum innanlandsmálum.

FRAKKLAND Emmanuel Macron Frakklandsforseti mun ávarpa þjóð sína í kvöld en fjórðu helgina í röð mótmæltu Gulu vestin forsetanum og ríkisstjórn hans. Um 136 þúsund manns tóku þátt í mótmælaaðgerðum á laugardaginn og voru um 1.700 handteknir.

Macron mun í dag eiga fundi með framámönnum í viðskiptalífnum og verkafólksleiðtogum. Þá mun forsetinn einnig hitta aðra stjórnmalaleiðtoga. Í yfirlýsingu frá skrifstofu forsetans sagði að Macron vildi hlusta á raddir þeirra og tillögur.

Búið er við að ávarp forsetans til frönsku þjóðarinnar í kvöld muni snúast um þjóðareiningu og að hann muni reyna að koma á einhvers konar viðræðum við mótmælendur.

Muriel Penicaud vinnumálaráðherra sagði í sjónvarpsviðtali

» Mótmæli Gulu vestanna sneru í fyrstu aðallega að boðaðri hækkun á eldsneytissköttum sem nú hefur verið fallið frá. Kröfurnar nú snúast um aukinn jöfnuð, hærri laun, lægri skatta og betri aðgang að háskólum.

í gær að Macron myndi tilkynna um áþreifanlegar og tafarlaugar aðgerðir en að lágmarkslaun yrðu ekki hækkuð þar sem það myndi leiða til fækkunar starfa.

Eins og fyrr leystu mótmæli helgarinnar upp í óeirðir og voru mikil skemmdarverk unnin, bílar brenndir, rúður brotnar og skemmdir unnar á verslunum og veitingastöðum. Verst var ástand-

í París en einnig var mótmælt í Marseille, Bordeaux, Lyon, Nantes, Dijon og Toulouse.

Lögregla var með mikinn viðbúnað í miðborg Parísar og kom meðal annars í veg fyrir að mótmælendur kæmst nálægt Champs Élysées. Það leiddi hins vegar til þess að mótmælin dreifðust meira um borgina með tilheyrandi tjóni.

Bruno Le Maire fjármálaráðherra segir að það ríki samfélagslegt og lýðræðislegt neyðarástand í landinu. Hann heimsótti verslanir í París sem höfðu orðið fyrir barðinu á skemmdarvörgum og sagði að þetta væru hörmungar fyrir viðskipti og efnahagslíf.

Það er ljóst að efnahagslegt tjón mótmælanna er gríðarlegt. Reuters fréttastofan hafði eftir talsmanni Frönsku verslunarsamtakanna á föstudag að tjón verslana

vegna minni sölu næmi um einum milljarði evra frá því að mótmælin hófust. Þá var haft eftir fulltrúa samtaka litilla og meðalstórra fyrirtækja að heildartjón aðildarfélaga gæti numið allt að tíu milljórum evra.

Donald Trump Bandaríkjaforseti blandaði sér í málin þegar hann sagði á Twitter að Parísarsamkomulagið væri ekki að virka vel fyrir París. Þar væru mótmæli og óeirðir. Var Trump að vísa til loftslagssamningsins sem samþykktur var í París 2015 en Bandaríkin hyggjast draga sig út úr samkomulaginu.

Jean-Yves Drian utanríkisráðherra Frakklands brást illa við og sagði að Frakkar skiptu sér ekki af bandarískum innanlandsmálum og það ætti að vera gagnkvæmt. Skilaboð sín og Macrons til Trumps væru einföld: „Láttu þjóðina okkar í friði.“
sighvatur@frettabladid.is

ENDURNÝJADU TENGSLIN MEÐ KODIAQ OG KAROQ.



KODIAQ OG KAROQ. FYRIR FÓLKID ÞITT OG NÁTTÚRUNA.

Það er mikilvægt að vera í góðum tengslum við fólkid sitt og náttúruna. Hvert sem þú velur margverðlaunaðan KODIAQ eða glænýjan og snjallan KAROQ gerir þú hvort tveggja. Komdu og prófaðu jeppabréðurna frá SKODA. Hlökkum til að sjá þig!

SKODA KODIAQ 4x4 frá: **5.790.000 kr.**

SKODA KAROQ frá: **4.690.000 kr.**



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

www.skoda.is

JÓLAGJAFIR ÁRSINS



ÓKEI GÚGÚ!

GOOGLE HOME GAGNVIRKUR HÁTALARI

- GOOGLE HOME GAGNVIRKUR HÁTALARI HVÍTUR
- Google gagnvirk raddstýring
- Stuðningur við Spotify, Philips Hue, Netflix o.fl.
- Stjórnar öðrum nettengdum gæstum
- GOOGLEHOME

22.995

ELKO MÆLIR MEÐ



59.995

SONY
PLAYSTATION 4 - PRO 1TB
PS4PRO

EDA 6.427 KR. Á MÁNUÐI
M.V. 12 MÁN. HÁTTAL. KORTTÍÐAN - ALLS 77125 KR. - ÁÐR 19,25%

ELKO MÆLIR MEÐ



APPLE AIRPODS

- Auto-play skýrnar eyrun
- Allt að 5 kst. rafhlöðuending
- Hleðsluhyki gefur allt að 24 kst.

APPAIRPODS

24.995

FRÍ HEIMSENDING
Á SMÆRRI PÖKKUM



PHILIPS HUE STARTPAKKI X3 E27 SNJALLPERUR + BRÚ + DIMMER

- Byrjunarsett fyrir E27 skrufgang
- Þrjár dimmanlegar E27 litaperur
- Hue Bridge tengir perurnar við snjalltæki
- Dimmar til að stjórna ljósstyrk

HUEE27STARTP

27.495

FRÍ HEIMSENDING
Á SMÆRRI PÖKKUM

MEIRA ÚRVAL
Á ELKO.IS



CHILLY'S 500 ML. FLÖSKUR

- Hlida köldu / 24 kst.
- Hlida heitu / 12 kst.
- An BPA

FAST Í ÖLLUM REGNBOGANS LITUM

VERÐ FRÁ

3.495

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS



+PLÚS



Kátt var á hjalla þegar gengið var í kring um jólatréð og sungið og trallað með af hjartans lyst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Aðventuhátíð í Árbæjarsafni

Fjölmennt og góðmennt var í gær í Árbæjarsafni þar sem Ketkrókur og Þvörusleikir skemmtu börnum sem og öllum öðrum ásamt harmónikkuleikara.



Þessar þrjár stúlkur sátu inni í hlýjunni og skáru laufabrauð fyrir jólin af listfengi við kertaljós að gömlum sið.



Einlægni



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladi.is

Einlægni og hreinskilni eru mikilvægir eiginleikar en því miður ber ekki nægilega mikið á þeim í fari íslenskra stjórnmalamanna. Þjóðin myndi kunna svo miklu betur við stjórnmalamenn sína ef þeir leyfðu sér að sýna einlægni í stað þess að tala vélrænt, nánast eins og þeir hafi verið prógrammeraðir á flokksskrifstofunni.

Íslenskir stjórnmalamenn eiga ekki einungis í erfiðleikum með að tala af einlægni, þeir eiga einnig í erfiðleikum með að iðrast einlæglega – eins og þjóðin hefur orðið vitni að síðustu daga og vikur. Þeir muldra einhver afsökunarorð, mest til að fríða kjósendur, en það sést langar leiðir að þeir eru svektastir yfir því að upp um þá hafi komist. Þeim virðist ómögulegt að viðurkenna að athæfi þeirra hefur leitt til þess að trúnaðarbestur hefur orðið á milli þeirra og þjóðarinnar. Eftir skandalinn hafa flestir þeirra vit á að láta litíð fyrir sér fara en öllum er ljóst að þeir sjá enga ástæðu til að hverfa úr íslenski pólitík. Þeir leyfa sér að treysta á skammtimálinni þjóðarinnar.

Síðustu árin hefur þjóðin ekki haft stjórnmalamenn sína í sérstökum hævegum. Hún býst ekki við neinu frá þeim, nema þá helst skandöllum, smáum og stórum. Þar hafa stjórnmalamenn staðið sig og verið ansi iðnir við að gjaldfella sig. Þeir hafa brugðist sjálfum sér, vinnustað sínum og þjóðinni. Það var því nánast eins og opinberum þegar menntamálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, mætti í Kastljóspátt á dögnum og talaði sig inn í hjörtu þjóðarinnar með einlægni, heidarleika og innri styrk að vonni. Jafnvel þeir sem hafa algjörlega gefist upp á íslenski pólitík hljóta að hafa óðlast vott af von.

Þingmennirnir sem sátu á Klausurbar og ræddu um fyrirverandi samstarfskonu sína, Lilju Alfreðsdóttur, viðhöfðu þar ljótustu og viðbjóðslegustu orð sem hægt er að segja um nokkra konu. Þeir sem halda því fram, og það eru aðallega karlmenn, að stjórnmal séu harður heimur og þar verði fólk að sætta sig við alls kyns ummæli eru á algjörum villigötum í þeirri röksemdafærslu. Orðin sem Miðflokksmenn létu falla á barnum eru lýsandi fyrir ofbeldishugsun í garð kvenna. Engin kona á að þurfa að þola slík ummæli. Það var ákveðin frelsun fölginn í því að Lilja skyldi mæta í sjónvarpsal og svara ofbeldistali þessara manna. Til þess þurfti andlegan styrk, kjark og þrek og Lilja er greinilega rík af þeim eiginleikum. Þarna mætti sterk kona sem svaraði fyrir sig af festu og afgreiddi málið í lykilsteningu: „Ofbeldismenn hafa ekki dagskrárvald í íslensku samfélagi.“

Íslenskir stjórnmalamenn geta ansi margt lært af framgöngu Lilju. Hún talaði við þjóðina án þess að setja sig í stellingar, þar hún sjálf og full af einlægni. Fólk kunnir vel við hana um leið og það dáðist að henni.

Það er nóg komið af baktjaldamakki og sora í íslenski pólitík, þar skortir tilfinningarlega heidarleika og einlægni. Þessir góðu eiginleikar finnast þó samt, eins og Lilja Alfreðsdóttir sýndi þjóðinni svo eftirminnilega.

Halldór



Frá degi til dags

Þar rigndi sandi Hæstréttur kváð á fimmtudag upp þann dóm sinn að úthlutun makrillkvóta árið 2011 hefði ekki verið í samræmi við lög og reglur. Jón Bjarnason, þáverandi sjávarútvegsráðherra, greip til varna og sagði að hann væri barasta ekki sammála niurstöðu Hæstaréttar. Fetar hann þar meðal annars í fótspor Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra en hún gaf út sambærilega yfirlýsingu eftir að dómstóllinn staðfesti að hún hefði brotið stjórnsýslulög við skipan dómara í Landsrétt. Jón Bjarnason má þó eiga það að hann sleppti því í þetta skiptið að nefna að það hefði rignt sandi undir Eyjafjöllum.

Fýlupúkinn

Þar sem styttist í að Alþingi fari í jólafrí er ekki úr vegi að minnst á það hvaða þingmaður hefur oftast uppskorið „hlátur í þingsal“ á haustþingi. Ræðuritarar þingsins færa slíkt til bókar og fella inn í ræðutexta. Einföld leit á þingvefnum leiðir í ljós að forspraki Fýlupúkafélagsins, Sjálfstæðismaðurinn Brynjar Nielsson, hefur fjórtán sinnum fengið menn til að skella upp úr. Þorsteinn Víguldsson og forsetinn, Steingrímur J. Sigfússon, koma næstir með fimm. Oftast var hlegið í veiðigjaldaumræðunni, fjórtán sinnum, en þrettán sinnum þegar ný mannanafnalög voru rædd. jolti@frettabladi.is

Tæknibyltingu í grunnskóla



Katrín Atladóttir
borgarfulltrúi og hugbúnaðarverkfræðingur

Börn eru flest neytendur tækni en ekki skaparar hennar. Það má segja að þegar kemur að tækni kunnri börn að lesa en ekki skrifa. Með því að kenna forritun og tölvunarfræði á grunnskólastigi mætti snúa þessu sambandi við og gera börn betur í stakk búin til að takast á við framtíðina.

Forritunarmál eru einu tungumálin sem tölvur skilja. Til að geta talað við tölvur þarf að læra forritun og forritunarkunnáttu því hluti af læsi 21. aldar. Grunnskólinn hefur lykhillutverki að gegna þegar kemur að því að vekja áhuga hjá börnum og skapa grunn sem nýtist þeim til framtíðar. Að sameina leik og lærdóm með efni sem vekur áhuga og höfðar til barna. Við þurfum að proska hæfileika barnanna til að greina vandamál, brjóta þau niður í smærri verkefni og leysa þau, m.a. með tækni. Að nota tækni sem verkfæri. Tæknileisi og færni til að skilja hvernig tölvur virka verður sífellt mikilvægari.

Ekki munu öll börn verða forritarar eða tölvunarfræðingar, ekki frekar en stærðfræðingar. Samt kennum við stærðfræði í grunnskólum til að búa til grunn sem þau búa að í verkefnum framtíðarinnar. Til þess að vekja áhuga fleiri á þessu sviði. Aukinn skilningur á tækni og beitingu hennar eflir kerfisbundna og gagnrýna hugsun á mörgum sviðum. Þannig opnast dyr að nýjum og eftirsóknarverðum störfum í framtíðinni.

Tölvur og vélmenni eru orðin hluti af daglegu lífi og munu verða enn veigameiri þáttur. Það er mikilvægt að kunna að nota þessi tæki en líka að hafa grunnhugmynd um hvernig þau virkar.

Eg mun því á næsta fundi borgarstjórnar leggja fram tillögum um innleiðingu forritunarkennslu í grunnskólum. Við viljum að börnin okkar verði leiðandi í fjórðu iðnbýtingunni. Það er spennandi og framsækið verkefni.



Íslenskir stjórnmalamenn geta ansi margt lært af framgöngu Lilju.

SÍÐUSTU SEM Í SKÍÐ

SKÍÐAFERÐIR TIL MADONNA, ÍTALÍU

VERÐ FRÁ 89.900 KR.
NÁNAR Á UU.IS

Skálkaskjól

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Eitt megineinkennið á sam-tíma okkar er hið yfirgrips-mikla síðferðislega afstæði sem blasir við á sviði stjórnmálanna, einkum og sér í lagi, og ruglar marga í minni. Hvað þá? Hvað má ekki? Eru einhver mörk?

Auðvitað er umburðarlyndi falllegt. Það er mikill og sigldur sann-leikur að maður eigi að fara vaxa í því að dæma annað fólk. Öllum getur orðið á það er vandlifað. En maður hlýtur líka að mega gera þá kröfu til leiðtoga heilu þjóðanna og annarra sem hafa valist í ábyrgðarstöður að þeir sýni einhvers konar gott fordæmi og geri sanngjarnar og skynsamlegar kröfur til sjálfs sín og annarra. Og reyni svo að gera sitt besta.

Staðan er hins vegar sú, að ég held að það sé óhætt að fullyrða að persóna í stjórnmálum geti orðið uppvís að nánast hvaða misindisverknæði sem — notum bara ímyndunaraflið — og hún gæti komist upp með það. Flest virðist finna sér fylgi. Flest finnur sér málsvara og réttlættingu. Það virðist líka yfirleitt hægt að þyrlla upp nógu miklu ryki til að beina



sjónum frá aðalatriðum mállanna. Fjadrakof veitir skjól.

Minnisstætt samtali

Tökum skálduð dæmi. Verði maður uppvís að því að flytja inn ólögleg vopn um langt árabíl og að vera forsvarsmáður í umfangsmikil mansalshringur er allt eins vist að slíkur aðili afli sér fylgismanna á meðal þeirra sem telja þannig athafnasemi bera vott um styrk og sjálfsbjargarviðleitni. Verði maður gripinn við langvarandi peningabætti og skattaundanskot er allt eins vist að slíkur ná kjöri á þing sem lipur fjármála-maður. Verði maður staðinn að raðlygum á degi hverjum er vel mögulegt að halda því fram að mælskan sé samt engri lík og því

erindið brýnt. Andsetnustu ein-staklingar sem dreifa djöfulskap og sundrunu eru jafnvel taldir til uppbyggingaraflla í þjóðfélögum. Skúrkar í augum einhverra eru sterkir leiðtogar á augum annarra. Eitt hvert það minnisstæðasta samtali sem ég hef nokkurn tímann átt við mann um stjórnmál átti sér stað í Vestmannaeyjum fyrir all-nokkrum árum. Þireygður, rámur og veðurbarinn Eyjamaður hóf að spjalla við mig eftir stjórnmála-fund. Honum leist illa á málin. Stjórnmálin voru ekki eins og þau voru. „Ég hef alltaf haft einn stjórnmálmann í sérstöku uppáhaldi,“ sagði hann og tók sopa af björnum sínum.

„Nú, og hver er það?“ spurði ég áhugasamur.

„Það er hann Hitler,“ sagði maðurinn.

Botnlaust undrunarefni

Ég varð orðlaus, eins og gefur að skilja, um stundersakir.

„Jahá,“ sagði ég. „En Hitler gerði marga reiða.“

Ég kaus þannig að reyna að snúa þessum manni frá villu síns vegar með vissri lagni. Það mistókst.

„Jú, jú,“ svaraði hann, gallharður. „Það er alveg rétt. Auðvitað fór Hitler yfir stríkið. En hann var maður verka. Hann byggði hraðbrautirnar.“

Ég geri ekki ráð fyrir að viðhorf þessa manns endurspegli almennt stjórnmálaviðhorf í Eyjum, en punkturinn er nokkuð skýr: Það eru engin takmörk fyrir því hvað skoðanir annars fólks geta slegið mann út af laginu, hvað viðhorfin geta komið manni fullkomlega í opna skjöldu. Fólk sem maður telur til svivirðilegustu glæpa-manna mannkynssögunnar njóta aðáðunar annarra.

Niður á sama plan

Hver er frábær? Hver er ekki frábær? Þetta einkenni á veröldinni, sem er afstæði, má glögggt greina í hinum mögnuðu andstæðum sem birtast okkar í núverandi og fyrrverandi forseta Bandaríkjanna. Þegar kemur að síðferðisþreki er himinn og haf á milli Baracks Obama og Donalds Trump. Annar er til fyrirmyndar. Hinn vægast sagt ekki. Kannanir hafa gefið til kynna að þeir njóti svipaðs fylgis. Það

finnst mér ótrúlegt. Yfirgripsmikill skortur á síðferðisvitund skiptir stóran hluta kjósenda engu máli.

Þannig að. Jú, jú, það er hægt að sitja sem fastast á hvaða stól sem er eftir nánast hvaða skandal sem er. Hlutir gleymast. Við þetta sífellda niðurrif á síðferðisþreki innan stjórnmálanna verður áhuga-verður vitahringur til. Stjórnmál-menn missa almennt traust. Álitid verður lítið sem ekkert. Alls konar misgjörðum er þar með trúuð upp á stjórnmálamenn. Það veitir aftur skúrku enn meira skjól til að haga sér illa. Sem aftur minnkar traust. Sem aftur skapar enn meira skjól.

Það er mikilvæga en nokkru sinni, held ég, að kjósendur geri þá kröfu að fólk í stjórnmálum breyti þessu. Að það innleiði mælikvarða og síðferðismörk. Það er hlutverk þess. Við megum ekki við því, út af gróarstórum ógnunum sem steðja að mannkyninu og ákvörðunum sem þarf að taka, að stjórnmálin séu leiksvæði tækifærisinna.

Af þessum sökum er eftirleikur Klaustursupptakanna, og máls-vörn forsprakkanna, jafnvel alvar-legri en upptökurnar sjálfar. Reynt er að draga aðra niður á sama plan í einhvers konar síðferðislegri hryðjuverkastarfsemi, svo eftir standi sviðin jörð þar sem allir eru vafasamir.

Það er sami rassinn undir okkur öllum, segir Sigmundur.

Auðvitað er það ekki þannig. Sumir eru betri en aðrir. Spyrjið bara stólinn.

Jólahugleiðing



Svava Guðrún Helgadóttir ráðgjafi í Vinakoti



Verum þakklát, auðmjúk og nægjusöm með kærleikann að leiðarljósi. Það eru síður en svo allir sem hafa færi á því að halda gleðileg jól.

Það var síðla kvöld í vikunni sem leið að ég gekk um götur Reykjavíkurborgar og virti fyrir mér fegurðina sem miðbærinn hafði upp á að bjóða það kvöldið. Á göngu minni varð mér hugsað til þeirra hversdagslegu áhyggja sem við jú öll höfum og velti vöngum yfir hinu og þessu sem í stóru samhengi engu máli skiptir. Rétt í allri þessari hugsanaleikju ef flækju skal kalla varð mér hugsað til jóllanna og þeirra sem eiga um sárt að binda yfir hátíðarnar líkt og aðra daga ársins. Þessar hugsanir mínar voru áhyggju-num yfirsterkari og fylgdu mér göðan spól.

Um víða veröld eru til ein-staklingar sem eiga í engin hús að venda vegna fatæktar, sjúkdóma og aðstæðna sem þeir ekki fá við ráðið. Það eru til einstaklingar sem búa í stríðshjádum löndum og geta engi björg sér veitt. Það eru sannarlega til einstaklingar sem brotnir hafa verið niður af lífins óljúgu og telja enga ákjósanlega leið út úr sínum aðstæðum. Einstaklingar sem hreinlega vita ekki hvernig þeir eiga að takast á við daginn, hvað þá jólni. Aðstæður þar sem sorgin er gríðarleg, eyndin áþreifanleg. Þegar ég hafði leitt hugann að þessum fjölda fólks fellust mér hendur og ég leit ólítili í eigin


barm. Hvað er það sem okkur raunverulega hamingju færir?

Eftir nokkra stund gekk ég minn veg full forréttinga, steig upp í bíl sem ég hef til afnota, keyrði heim hugi og gekk inn í hlýtt húsaskjól sem ég er svo sérlega heppin að hafa yfir höfuð mér. Ég lagðist á koddann og leiddi hugann að þeim forréttingum sem ég bý við og gat ekki annað en fundið til skammar en á sama tíma óendanlegs þakklætis.

Nú gengur senn í garð hátíð ljóss og friðar með öllum sínum kröngingum, litum, gjöfum og glingri. Þegar ég fer að gleyma mér í öllum ljósunum og þeirri ringulreið sem jólnum kann að fylgja ætla ég að leiða hugann að þeim sem ekkert af þessu hafa. Ég ætla að leiða hugann að því sem mér raunverulega hamingju veitir. Þakka fyrir alla þá hluti tilverunnar sem öllu máli skipta en aldrei fást keyptir. Já, þakka fyrir friðinn.

Það er nefnilega hægt að búa við allsnægtrir en vera á sama tíma blá-fatækur.

Verum þakklát, auðmjúk og nægjusöm með kærleikann að leiðarljósi. Það eru síður en svo allir sem hafa færi á því að halda gleðileg jól.



VARÐANDI
„AVIVA INSURANCE LIMITED“
 -og-
 VARÐANDI
FRIENDS FIRST LIFE ASSURANCE COMPANY DAC
 -og-
 VARÐANDI
LÖG UM FJÁRMAGNSÞJÓNUSTU OG MARKAÐI 2000

